

84. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima

31. 5. 2017 kl. 8:15 – 9:30

Fundarstjórn: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Kristín Hermannsdóttir

Fundarmenn: Vilhjámur Magnússon, Ragnhildur Jónsdóttir, Helga Árnadóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir og á Skype voru Hugrún Harpa Reynisdóttir, Katrín Jónsdóttir og Hrafnkell Guðnason.

Forföll boðaði Þorvarður Árnason.

Breytingar á stjórn; Undirrituð nokkur skjöl sem átti eftir að undirrita frá aðalfundi.

Fundaskipulag næsta vetrar; Farið yfir dagskrá næsta vetrar. Stjórnarfundir verða einu sinni í mánuði, auk tveggja vinnufunda stjórnar og tveggja húsfunda í Nýheimum. Ráðgerður er einn Nýheimadagur (21.okt), en finna þarf annan tíma fyrir hann vegna umhverfispings í Reykjavík. Samþykkt að halda þessu plani í lengstu lög.

Málefni hússins; Fyrir stuttu hittumst Björn Ingi Jónsson frá Sveitarfélaginu Hornafirði, Eyjólfur Guðmundsson frá FAS, Þorvarður Árnason Háskólasetrinu og Hugrún Harpa Reynisdóttir og ræddu málefni hússins, einkum þó rekstrarhluta þess. Hugrún Harpa sem fulltrúi leigjenda en hinir sem fulltrúar eigenda hússins. Einnig er ráðgert að Eyrún Helga Ævarsdóttir komi inn í þennan hóp sem fulltrúi Menningarmiðstöðvar. Þau vilja skrá formlega niður þær reglur sem gilda í húsinu. Umgengi, aðstöðu, viðhald, búnað, þrif og húsreglur. Þessi fimm manna hópur ætlar að hittast aftur í haust og mun bera tillögur sínar undir stjórn Nýheima.

Bornar voru upp tvær tillögur núna að breytingum á húsnæðinu: Að starfsmanna-eldhúsaðstaða á neðri hæð verði færð í fundarherbergi á Frumkvöðlagang og á Háskólagangi verði gerð skrifstofuaðstaða fyrir nemendur og gesti.

Bent var á að eldhús/kaffi-aðstöðu fylgi alltaf talsverð umgengi og því er þessi tilfærsla ekki lausn á vandanum sem er til staðar í dag, vandinn er bara færður til á milli ganga. Ekki er einhugur hjá stjórninni með að færa núverandi aðstöðu á hinn ganginn.

Ekki er hægt að færa aðstöðuna inn í eldhús í miðrymi, starfsemin þar er háð rekstrarleyfi og heilbrigðiseftirliti.

Bent var á að málið snúi ekki bara að stað til að hella upp á kaffi og geyma nestið sitt, heldur snýr að starfsandanum í heild sinni. Það skiptir miklu máli að hafa matar- og kaffi aðstöðu **mjög** góða, því þar slær hjartað í húsinu. Ef sú aðstaða er góð, finnst fólki það tilheyra vinnustað og hópi, óháð launagreiðenda og stærð stofnunar. Því skiptir miklu máli að finna góða og varanlega lausn á þessu máli.

KA

Skoða þarf hvort flytja megi ísskáp, vask, kaffivél og skápa fyrir leirtau í kompuna undir stiganum við Nýrtorg. Þá væri hægt að nota þá aðstöðu, en snæða svo á Nýrtorgi.

Eins var ákveðið að fá ráðleggingar frá utanaðkomandi um kaffistofu, t.d. innanhúsarkitekt eða fólk sem þekkir hvernig byggja á upp góðan starfsanda með góðri kaffistofu. Í því samhengi var Rán á Djúpavogi nefnd sem möguleg til að ráðleggja okkur.

Í framhaldi af þessum umræðum var einnig talað um þörf fyrir geymslur í húsinu, fyrir þá hluti sem þarf að geyma – ekki fyrir drasl.

Önnur mál:

- Hugrún Harpa, Þorvarður og Kristín unnu nýlega umsókn fyrir sveitarfélagið um þátttöku í norrænu samstarfsverkefni um sjálfbæra bæi.
- Hugrún Harpa sendi inn tillögu til bæjarráðs frá Nýheimum um að gera formlegan samstarfssamning á milli Sveitarfélagsins og Nýheima. Var bæjarstjóra falið að gera nánari útfærstu á tillögunni með forsvarsmönnum Nýheima.
- Formlegur samstarfssamningur er í vinnslu milli Nýheima og Þekkingarnets Þingeyinga.
- Ríki Vatnajökuls ætlar að ráða starfsmann í eitt ár, einkum vegna bókunarþjónustu.
- Unnið er að endurnýjum á samningi við SASS um atvinnuráðgjöf á Höfn.

Kristín Henningsdóttir

Einar Magnússon